



Kennari/ar: Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson **Skammstöfun:** IH/TDT

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í grunnatriði mandarín kínversku með áherslu á algengustu tákni kínverskunnar, ritun þeirra ásamt tónlegri uppbyggingu tungumálsins og einföldum orðaforða daglegs lífs.

Einnig kynnast nemendur sögu Kína frá fornöld til okkar tíma. Þar verður farið yfir samskipti Kína við nágrennanþjóðir, konungsættirnar, kynni Kínverja af Evrópumönnum o.fl.

Nemendur fá þjálfun í að fletta upp táknum með aðstoð upplýsingatækninar. Farið verður yfir nokkur atriði kínverskrar menningar og munurinn skoðaður á tungumáli og menningu í Hong Kong, Taívan, Kína og Macau.

Náskeiðið skiptist í 5 þriggja vikna lotur ásamt því að unnið verður stærra hópverkefni síðustu þrjár vikurnar. Verður skipulagið eftirfarandi:

Kína- skipulag annarinnar:

7. Janúar	Kynning á áfanganum
LOTA 1 - Tómas	9. janúar- 25. janúar
LOTA 2 - Ingunn	28. janúar - 15. febrúar
LOTA 3 - Tómas	18. febrúar - 15. mars
LOTA 4 – Ingunn	18. mars – 5. apríl
LOTA 5 - Hópverkefni	8. apríl - 10. maí

Námsefni:

Efni á netinu og frá kennara.

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur taki þátt í verkefnaflutningi og skilum, auk þess sem þeir hlusti á verkefni annarra. Í hópvinnu flytur allur hópurinn svo sitt verkefni. Nemendur skulu skila

verkefnum á réttum tíma. Ef nemandi getur ekki skilað/flutt verkefni á réttum tíma skal sá hinn sami hafa samband við kennara og greina honum frá ástæðum. Sein skil geta dregið niður einkunn verkefnissins. Nemendur fæddir 1996 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama getur gilt um fólk með opin vottorð.

Námsmat: Síamatsáfangi – próf eða verkefni í lok hvernar lotu, ásamt öðru sem til fellur. Nemendur safna saman tímaverkefnum í tvær möppur og skila í lok síðustu lotunnar. Ein mappa fyrir kínverskuna og ein mappa fyrir söguna.

Nemendur þurfa að hafa að lágmarki 4,5 í prófunum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa		30%
Skilaverkefni/próf		40%
Stóra verkefnið		30%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

3. janúar 2019 Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson